

Meðmælendalistar á Ísland.is

Leiðbeiningar

Meðmælendalisti - Framboð

Kennitala

Blaðsíða

Kjördæmi

Bæta á lista

Nafn	Kennitala	Skráningarkjördæmi	Lögheimili	Sveitarfélag	Bls.	Eyða
------	-----------	--------------------	------------	--------------	------	------

INNIHALD

1	INNGANGUR	2
1.1	Almennt um meðmælendalista	2
1.2	Ferlið – yfirlit	2
2	NOTKUN VIÐMÓTS FYRIR MEÐMÆLENDALISTA	3
2.1	Umboð veitt	3
2.2	Framboð skráð	3
2.3	Meðmælendur skráðir	3

Leiðbeiningar þessar eru skrifaðar fyrir framboð til Alþingis 2017 og starfsmenn þeirra

1 INNGANGUR

1.1 ALMENNT UM MEÐMÆLENDALISTA

Tilgangurinn með meðmælendalistum er að stjórn málaframboð geti á öruggan hátt skráð rafrænt þá sem hafa skrifað sig á meðmælendalista.

Kennitölur eru bornar saman við þjóðskrá og kannað er hvort viðkomandi sé kosningabær og hvort nafn hans sé skráð á aðra lista. Ef slíkt hefur gerst þá er sá aðili ekki talinn með á neinum lista.

Kerfið gefur jafnóðum yfirsýn yfir þann fjölda sem búið er að skrá inn og telst uppfylla skilyrði laga.

Kosturinn við þessa skráningu er að framboðin geta jafnóðum fengið yfirsýn yfir gildar skráningar á pappírslista, en ekki eftir á eins og tíðkast hefur.

1.2 FERLIÐ – YFIRLIT

Um er að ræða þrjá mismunandi vefhluta:

1. Stjórnborð (þjónustuborð). Notað af starfsmönnum Þjóðskrár Íslands
2. Umboðssíða: [Mínar síður á Ísland.is](#), smella á hnapp efst til hægri, velja stillingar
3. Framboðs- og meðmælendasíða: <https://listar.island.is/Elections/electionlogin>

Hlutverk (kerfið byggir á því að notendur fái ákveðin hlutverk sem byggja á rafrænu umboði):

1. Framboð (lögaðili) – veitir umboð, annars vegar til umboðsaðila, hins vegar til skráningaraðila. Framboðið getur skráð meðmælendur og séð tölur um fjölda meðmælenda.
2. Umboðsaðili – skráir framboðið og skráir meðmælendur. Einungis umboðsaðili hefur réttindi til að skrá framboðið inn í kerfið. Umboðsaðili sér tölur um fjölda meðmælenda.
3. Skráningaraðili – skráir meðmælendur.
4. Starfsmaður ÞÍ / Yfirkjörstjórnir – yfirumsjón og frágangur.

Atburðarásin í hnotskurn:

Atburðarás	Hver gerir?	Hvað er gert?
1	Starfsmaður ÞÍ	Stofnar kosningu í stjórnborði
2	Framboð X (lögaðili)	Fer á umboðssíðu til að veita umboð, eitt eða fleiri a) A fær umboðið „Umboðsaðili“ (A hefur þá meiri réttindi en B og C) b) B og C fá umboðið „Skráningaraðili“
3	Umboðsaðili A	Fer á framboðs- og meðmælendasíðu til að skrá framboð X
4	Starfsmaður ÞÍ	Fer í stjórnborð og samþykkir skráningu á framboði X
5	Umboðsaðili A, skráningaraðilar B og C, Framboð X	Fara á framboðs- og meðmælendasíðu til að skrá meðmælendur af pappírslistum. Þessi atburður er endurtekinn þar til allir meðmælendur hafa verið skráðir.
6	Starfsmaður ÞÍ	Fer í stjórnborð og tekur út samantekt í csv-skrá. Þar er yfirlit sem sýnir niðurstöðu fyrir hvert framboð.
7	Yfirkjörstjórn	Yfirfer upplýsingar úr csv-skrá og ber saman við pappírslista

2 NOTKUN VIÐMÓTS FYRIR MEÐMÆLENDALISTA

2.1 UMBOÐ VEITT

Framboðið (notið kennitölu stjórnálagasamtakanna og Íslykil þeirra) fer á „[Mínar síður á Ísland.is](#)“ og veitir umboðsmanni sínum umboð til að skrá framboðið. Einnig veitir hann skráningaraðila umboð til að skrá meðmælendur.

Smellið á „Þrjú strik og haus“ efst í hægra horninu, veljið „Stillingar“ og skrunið neðst niður á síðuna sem þá kemur upp. Smellið á „Veita umboð / breyta umboðum“.

Skráið kennitölu þess sem á að fá umboðið, veljið úr fellivalmyndalista sem merktur er „Þjónustuveitandi“ umboð sem heitir „Meðmælendalistar – meðmælendur“. Veljið svo eftir atvikum hlutverkið umboðsaðili eða skráningaraðili. Breytið svo gildistímanum („Gildir til“) í til dæmis 10. október 2017. Smellið svo á „Bæta við umboði“. Efst á þessari síðu sjáið þið svo lista yfir þau umboð sem þið hafið veitt nú þegar og getið þurrkað út að vild (rautt X) eða breytt tímasetningum (blýantur). Endurtakið fyrir þetta fyrir alla sem munu aðstoða við skráningu.

2.2 FRAMBOÐ SKRÁÐ

Umboðsmaður skráir nú framboðið á <https://listar.island.is/Elections/electionlogin>.

Smellt er á hnappinn „Innskráning“, umboðsmaður skráir sig inn í kerfið og velur að skrá sig inn í umboði framboðsins. Í fyrsta sinn sem farið er á þessa slóð skal skrá framboðið. Eftir það mun þessi slóð leiða innskráðan aðila inn á að skrá meðmælendur.

Umboðsaðili skráir eigið netfang (eða netfang framboðsins). Staðfesting er send á þetta netfang þegar Þjóðskrá Íslands hefur samþykkt skráninguna. Það er gert samdægurs eða næsta virkan dag.

2.3 MEÐMÆLENDUR SKRÁÐIR

Framboð, umboðsaðili eða skráningaraðili skrá meðmælendur á <https://listar.island.is/Elections/electionlogin>

Umboðsaðili og skráningaraðili velja viðeigandi umboð, en framboðið fer inn án umboðs.

Smellt er á hnappinn „Skrá meðmælendur“. Slegin er inn kennitala þess sem er á lista ásamt blaðsíðunúmeri á pappírlista. Það er gert til að auðveldara sé að fara yfir skráninguna eftir á. Einnig þarf að velja kjördæmi sem verið er að vinna með hverju sinni.

Nafn meðmælenda birtist svo í töflunni fyrir neðan. Ef rangur aðili er sleginn inn þá er hægt að eyða skráningunni með því að smella á “X” lengst til hægri í línunni.

Athugið að allir meðmælendur sem uppfylla skilyrði laga um að mega skrá sig á meðmælendalista verða skráðir á listann. Það þýðir að textinn „skráning meðmælenda tókst“ kemur alltaf óháð því hvort meðmælendi er á fleiri en einum lista. Ef meðmælendi hefur hins vegar skráð sig á annan meðmælendalista þá er hann gerður ógildur og verður ekki talinn með á neinum lista. Ef meðmælendi býr erlendis þá verður skráning hans skráð sem „vafi“ og munu yfirkjörstjórnir geta farið yfir hana eftir á og kannað hvort viðkomandi einstaklingur er á kjörskrá. Sama gildir ef meðmælendi skráir sig á lista í öðru kjördæmi en því sem hann er búsettur í.

Athugið að framboð og umboðsaðili geta séð alla sem búið er að skrá, en skráningaraðili sér einungis þá aðila sem hann/hún hefur skráð.